

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

1. gr.

Á tímabilinu 26. júlí til 1. ágúst 1977, að báðum dögum meðtöldum, eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Útgerðaraðilum skuttogara er þó heimilt að velja um að stöðva þorskveiðar á fyrrgreindu tímabili eða dagana 2. ágúst til 8. ágúst 1977, að báðum dögum meðtöldum, enda sé sjávarútvegsráðuneytinu tilkynnt um það eigi síðar en 22. júlí.

2. gr.

Skuttogarar, með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri mega ekki stunda þorskveiðar í 30 daga samtals í íslenskri fiskveiðilandhelgi frá útgáfudegi þessarar reglugerðar til 15. nóvember 1977 og eru þá meðtaldar takmarkanir þær, sem um getur í 1. gr. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessarar veiðitakmörkunar, þó þannig, að hver skuttogari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 15. ágúst hvernig þeir haga veiðitakmörkun á þorskveiðum samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té getur ráðuneytið ákveðið hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1. og 2. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 10%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hverrar veiðiferðar fram úr 10% af heildarafla, verður það sem umfram er gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk eftir því sem við á. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Pórður Ásgeirsson.